



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FJÖBÆTT DAGSKRÁ UM MÁLEFNI NORÐURSLÓÐA Í NEW YORK

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á fimmtudag og föstudag taka þátt í viðmikilli dagskrá í New York um málefni Norðurslóða sem forsetaembættið stendur að í samvinnu við American Scandinavian Foundation, Alcan álfélagið, Explorers Club, Columbia háskólann, Dartmouth háskólann, íslensku aðalræðisskrifstofuna í New York og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

Forsetinn opnar á morgun, fimmtudaginn 29. janúar, sýningu í Scandinavia House í New York sem helguð er lífi og störfum íslenskanadíska landkönnuðarins Vilhjálms Stefánssonar. Sýningin er skipulögð af Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og styrkt af Alcan á Íslandi og móðurfélaginu í Kanada. Auk forseta Íslands flytja ávörp við sýningaropnun Evelyn Stefánsson-Nef, ekkja Vilhjálms Stefánssonar, Christian Sonne, stjórnarformaður American Scandinavian Foundation og Cynthia Carrol forstjóri Alcan Primary Metal Group.

Í tilefni af opnun sýningarinnar efnir Dartmouth háskólinn til umræðufundar í Scandinavia House á morgun, fimmtudag, um málefni norðurslóða á nýrri öld og arfleifð Vilhjálms Stefánssonar, rannsóknir hans og kenningar. Fundinn munu sitja ýmsir forystumenn Dartmouth háskólans og öflugir styrktarmenn hans í New York. Vilhjálmur ánafnaði háskólanum í Dartmouth gríðarmiklu bóka- og gagnasafni sínu. Dagskrá morgundagsins lýkur með hátíðarkvöldverði sem móðurfélag Alcan í Kanada efnir til, m.a. fyrir ýmsa áhrifamenn í fjármálalífi New York og Bandaríkjanna.

Á föstudag, 30. janúar, verður fjölþætt dagskrá í húsakynnum Explorers Club (Félags landkönnuða) í New York en það félag hefur innan sinna vébanda fjölmarga heimsþekktá vísindamenn, geimfara og landkönnuði. Vilhjálmur Stefánsson var tvisvar í forsæti félagsins. Dagskráin hefst með hádegisverðarfundum í boði Explorers Club sem helgaður er nýjum viðhorfum til Norðurslóða og mun forseti Íslands flytja ræðu á fundinum og svara fyrirspurnum. Í kjölfarið efnir Earth Institute stofnunin við Columbia háskólann í New York til umræðufundar um undirbúning að alþjóðlegu heimskautaári árið 2007. Þar munu Jeffrey Sachs forstöðumaður stofnunarinnar, Dr. Robin Bell og Dr. Peter Schlosser fjalla um aðdraganda og undirbúning að þessu viðamikla verkefni og hvernig rannsóknir á náttúru og vistkerfi heimsskautasvæðanna geta varpað ljósi á loftslagsbreytingar á jörðunni. Fundurinn verður haldinn í Explorers Club.

Dagskrá föstudagsins lýkur með málþingi sem helgað er Evelyn Stefánsson-Nef, fjölþættu lífshlaupi og störfum við hlið Vilhjálms á norðurslóðum. Auk forseta Íslands og Evelyn flytja erindi þau Peter T. Irniq leiðtogi sjálfstjórnarsvæðis Inuita í Nunavut í Kanada, Claire Flemming safnstjóri Explorers Club og Richard C. Wiese forseti félagsins.

28. janúar 2004

Nánari upplýsingar um heimsóknina veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Stefán L. Stefánsson forsetaritari (854 1369) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028)